

# **Grundafjarðarbær**

## Ársreikningur

### 2020



Grundafjarðarbær  
Borgarbraut 16  
350 Grundarfjörður  
Kt. 520169-1729

# **Grundafjarðarbær**

## Ársreikningur

### 2020

#### **Efnisyfirlit**

Áritun bæjarstjórnar og bæjarstjóra	2
Áritun óháðs endurskoðanda	3-4
Rekstrarreikningur	5
Efnahagsreikningur	6-7
Yfirlit um sjóðstreymi	8
Skýringar	9-22
Yfirlýsing um stjórnarhætti og ófjárhagsl. uppl.	23

# Áritun bæjarstjórnar og bæjarstjóra

Ársreikningur Grundafjarðarbæjar er gerður í samræmi við sveitarstjórnarlög, lög um ársreikninga, reglugerð um bókhald, fjárhagsáætlanir og ársreikninga sveitarfélaga og auglýsingar ráðuneytis sveitarstjórnarmála um reikningsskil sveitarfélaga. Í ársreikningnum er gerð grein fyrir reikningsskilaaðferðum og þeim breytingum sem á þeim hafa orðið frá fyrra ári.

Starfsemin skiptist í A hluta annarsvegar og B hluta hinsvegar. Til A hluta (sveitarsjóður) telst starfsemi sem að hluta eða öllu leyti er fjármögnud með skatttekjum en í B hluta eru fyrirtæki sem að hálfu eða meiri hluta eru í eigu bæjarfélagsins og eru rekin sem fjárhagslega sjálfstæðar einingar sem eru: Hafnarsjóður, Fráveita, Leiguibúðir, Íbúðir aldraðra, Sorphirða og sorpeyðing og Sögumiðstöð.

Rekstrartekjur sveitarfélagsins á árinu námu um 1.220 milljónum króna samkvæmt samanteknum rekstrarreikningi fyrir A og B hluta en fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir rekstrartekjum um 1.183 milljónum króna. Rekstrartekjur A-hluta námu um 1.059 milljón króna en fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir rekstrartekjum um 1.026 milljónum króna.

Rekstrarniðurstaða sveitarfélagsins samkvæmt samanteknum rekstrarreikningi A og B hluta var jákvæð að fjárhæð um 6,8 milljónir króna en samkvæmt fjárhagsáætlun var gert ráð fyrir um 7,2 milljónum króna jákvæðri afkomu. Rekstrarafrkoma A hluta var neikvæð að fjárhæð 6,3 milljónum króna en fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir neikvæðri afkomu um 22,1 milljónir króna. Eigið fé sveitarfélagsins í árslok nam 937,5 milljónum króna samkvæmt efnahagsreikningi, en þar af nam eigið fé A hluta 784,3 milljónum króna.

Skuldahlutfall skv. reglum um fjárhagsleg viðmið sveitarfélaga er 119,37% í samanteknum ársreikningi, en var 113,21 árið 2019. Hjá sjóðum A-hluta var þetta hlutfall 100,64% á árinu en var 104,20% á árinu 2019. Skv. 64. gr. 2. málsg. sveitarstjórnarlaga á þetta hlutfall ekki að vera hærra en 150%.

Íbúafjöldi í Grundafjarðarbæ 1. desember 2020 var 870 og var fækken um 7 einstaklinga frá fyrra ári.

Í samræmi við lög um ársreikninga birtir sveitarfélagið yfirlýsingum um stjórnarhætti og ófjárhagslegar upplýsingar. Framangreindar upplýsingar eru settar fram í fylgiskjali við ársreikninginn, Yfirlýsing um stjórnarhætti og ófjárhagsleg upplýsingagjöf.

Ársreikningur Grundafjarðarbæjar fyrir árið 2020 er tilbúinn til endurskoðunar og afgreiðslu í bæjarstjórn.

Grundafjarðarbær 15. apríl 2021

Bæjarstjóri:

Björn Þór Guðmundsdóttir

Bæjarráð:

Róða Guðmundsdóttir  
Unnur Þóra Sigurðardóttir  
Sævör Þorvaldardóttir

Í samræmi við lög um ársreikninga birtir sveitarfélagið yfirlýsingum um stjórnarhætti og ófjárhagslegar upplýsingar. Framangreindar upplýsingar eru settar fram í fylgiskjali við ársreikninginn, Yfirlýsing um stjórnarhætti og ófjárhagsleg upplýsingagjöf.

Grundafjarðarbær 11. maí 2021

Bæjarstjórn:

Jóel Kjartan  
Hil H  
Róða Guðmundsdóttir  
Göður Svansson  
Bjarni Sigurbjörnsson

Unnur Þóra Sigurðardóttir  
Sigríður Gunnarsdóttir

# Áritun óháðs endurskoðanda

## Til bæjarstjórnar Grundafjarðarbæjar

### Álit

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Grundafjarðarbæjar fyrir árið 2020. Ársreikningurinn hefur að geyma ársreikning fyrir A hluta starfsemi sveitarfélagsins og ársreikning fyrir A og B hluta. Hann greinist í rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glöggja mynd af afkomu Grundafjarðarbæjará árinu 2020, efnahag þess 31. desember 2020 og breytingu á handbæru fé á árinu 2020, í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur.

### Grundvöllur fyrir áliti

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt þeim stöðlum er nánar lýst í kaflanum um ábyrgð endurskoðanda hér að neðan. Við erum óháð Grundafjarðarbæ í samræmi við alþjóðlegar síðareglur og settar síðareglur fyrir endurskoðendur á Íslandi og höfum við uppfyllt ákvæði þeirra. Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðelgandi gagna til að byggja álit okkar á.

### Aðrar upplýsingar

Bæjarstjórn og bæjarstjóri bera ábyrgð á öðrum upplýsingum. Aðrar upplýsingar innifela skýrslu bæjarstjórnar og bæjarstjóra og yfirlýsingum um stjórnarhætti og ófjárhagslegar upplýsingar.

Álit okkar á ársreikningnum nær ekki yfir aðrar upplýsingar og við ályktum hvorki um, né veitum staðfestingu á efni þeirra ef frá er talin sú staðfesting varðandi skýrslu bæjarstjórnar og bæjarstjóra sem fram kemur hér að neðan.

Í tengslum við endurskoðun okkar berum við ábyrgð á að lesa framangreindar aðrar upplýsingar og skoða hvort þær séu í verulegu ósamræmi við ársreikninginn eða þekkingu okkar sem við höfum aflað við endurskoðunina eða virðast að öðru leyti innifela verulegar skekkjur. Ef við komumst að þeirri niðurstöðu, byggt á þeirri vinnu sem við höfum framkvæmt, að það séu verulegar skekkjur í öðrum upplýsingum ber okkur að skýra frá því. Það er ekkert sem við þurfum að skýra frá hvað þetta varðar.

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu bæjarstjórnar og bæjarstjóra sem fylgir ársreikningi þessum eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

### Ábyrgð bæjarstjórnar og bæjarstjóra á ársreikningum

Bæjarstjórn og bæjarstjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og reglur um reikningsskil sveitarfélaga. Bæjarstjórn og bæjarstjóri eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna svíksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins ber bæjarstjórn og bæjarstjóra að leggja mat á rekstrarhæfi sveitarfélagsins og upplýsa, eftir því sem við á, um þætti er varða rekstrarhæfi og miða grundvöll reikningsskilanna við áframhaldandi rekstrarhæfi nema það sé ekki lengur til staðar.

# Áritun óháðs endurskoðanda

## Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka og að gefa út áritun sem felur í sér álit okkar.

Nægjanlega vissa er þó ekki trygging þess að endurskoðun framkvæmd í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni uppgötva allar verulegar skekkjur séu þær til staðar. Skekkjur geta orðið vegna mistaka eða sviksemi og eru álitnar verulegar ef þær gætu haft áhrif á fjárhagslega ákvarðanatöku notenda ársreikningsins, einar og sér eða samanlagðar.

Endurskoðun okkar í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla byggir á faglegri dómgreind og beitum við gagnrýnni hugsun við endurskoðunina. Við framkvæmum einnig eftirfarandi:

- Greinum og metum hættuna á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna mistaka eða sviksemi, hönnum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeim hættum og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur fallið í sér samsæri, skjalafals, misvísandi framsetningu ársreiknings, að einhverju sé viljandi sleppt eða að farið sé framhjá innri eftirlitsaðgerðum.
- Öflum skilnings á innra eftirliti, sem snertir endurskoðunina, í þeim tilgangi að hanna viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki í þeim tilgangi að veita álit á virkni innra eftirlits félagsins.
- Metum hvort reikningsskilaaðferðir sem notaðar eru, og tengdar skýringar, séu viðeigandi og hvort reikningshaldslegt mat stjórnenda sé raunhæft
- Ályktum um notkun stjórnenda á forsendunni um rekstrarhæfi og metum á grundvelli endurskoðunarnarinnar hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasendum um rekstrarhæfi. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins í áritun okkar. Ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi þurfum við að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni valdið óvissu um rekstrarhæfi félagsins.
- Metum í heild sinni hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum, metum framsetningu, uppyggingu, innihald og þar með talið skýringar við ársreikninginn með tilliti til glöggrar myndar.

Okkur ber skylda til að upplýsa bæjarstjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarnarinnar og veruleg atriði sem komu upp í endurskoðun okkar, þar á meðal verulegra annmarka á innra eftirlit sem komu fram í endurskoðuninni, ef við á.

Grundafjarðarbær 11. maí 2021

**Deloitte ehf.**

  
Jónas Gestur Jónasson  
endurskoðandi

  
Kristján Þór Ragnarsson  
endurskoðandi

## Rekstrarreikningur ársins 2020

Skýr.	A hluti			A og B hluti		
	2020	Áætlun 2020	2019	2020	Áætlun 2020	2019
Skatttekjur án framlaga jöfnunarsjóða .....	3	652.923	685.498	643.063	652.923	685.498
Framlag úr jöfnunarsjóði .....	3	235.955	191.664	220.644	235.955	191.664
Aðrar tekjur .....	3	<u>170.076</u>	<u>148.606</u>	<u>132.470</u>	<u>330.730</u>	<u>305.780</u>
		1.058.954	1.025.768	996.176	1.219.608	1.182.942
Laun og launatengd gjöld .....	4	(587.166)	(573.784)	(517.993)	(618.136)	(602.764)
Breyting lífeyrisskuldbindinga .....	4	(8.592)	(6.000)	(3.276)	(8.592)	(6.000)
Annar rekstrarkostnaður .....		(343.059)	(352.226)	(328.975)	(425.821)	(417.856)
		(938.817)	(932.010)	(850.244)	(1.052.549)	(1.026.620)
<b>Rekstrarafkoma fyrir afskriftir</b>		120.138	93.758	145.932	167.059	156.322
Afskriftir fastafjármuna .....	7	(49.196)	(43.923)	(43.548)	(67.024)	(62.095)
<b>Rekstrarafkoma fyrir fjármagnsliði</b>		70.942	49.835	102.385	100.035	94.227
Fjármunatekjur .....	5	1.096	1.825	6.538	1.096	537
Fjármagnsgjöld .....	5	(78.302)	(73.732)	(69.616)	(94.354)	(87.597)
<b>Rekstrarafkoma ársins</b>		<u>(6.264)</u>	<u>(22.072)</u>	<u>39.307</u>	<u>6.778</u>	<u>7.167</u>
						83.296

# Efnahagsreikningur 31. desember 2020

Eignir	Skýr.	A hluti		A og B hluti	
		31.12.2020	31.12.2019	31.12.2020	31.12.2019
<b>Varanlegir rekstrarfjármunir</b>					
Fasteignir .....	7	1.315.496	1.309.852	1.506.934	1.499.259
Veitukerfi .....	7	115.864	115.864	172.729	174.345
Hafnarmannvirki .....	7	0	0	392.563	273.682
Gatnakerfi .....	7	174.169	160.468	174.169	160.468
Áhöld og tæki .....	7	54.242	49.122	58.722	54.718
		<u>1.659.772</u>	<u>1.635.306</u>	<u>2.305.117</u>	<u>2.162.472</u>
<b>Áhættufjármunir og langtímakröfur</b>					
Eignarhlutir í félögum .....	8	133.031	139.531	133.031	139.531
Langtímakröfur á eigin fyrirtæki B .....		102.053	98.267	0	0
Fyrirframgreitt vegna lífeyris .....	17	112.720	117.411	112.720	117.411
		<u>347.803</u>	<u>355.209</u>	<u>245.750</u>	<u>256.942</u>
Fasteignir		<u>2.007.575</u>	<u>1.990.515</u>	<u>2.550.867</u>	<u>2.419.413</u>
<b>Veltufjármunir</b>					
Vöruburgðir .....		750	750	750	750
Óinnheimtar tekjur .....	9	52.890	106.132	59.945	115.489
Aðrar skammtímakröfur .....	9	69.333	78.786	69.333	78.786
Viðskiptakröfur á eigin fyrirtæki B .....		81.434	71.161	0	0
Sjóður og bankainnstæður .....	9	125.609	19.362	135.301	19.437
Fyrirframgreitt vegna lífeyris .....	17	4.691	4.691	4.691	4.691
Veltufjármunir		<u>334.708</u>	<u>280.882</u>	<u>270.021</u>	<u>219.154</u>
<b>Eignir</b>		<u>2.342.283</u>	<u>2.271.398</u>	<u>2.820.888</u>	<u>2.638.567</u>

## Efnahagsreikningur 31. desember 2020

Eigið fé og skuldir	Skýr.	A hluti		A og B hluti	
		31.12.2020	31.12.2019	31.12.2020	31.12.2019
<b>Eigið fé</b>					
Óráðstafað eigið fé .....	10	784.312	790.576	937.512	933.068
		<u>784.312</u>	<u>790.576</u>	<u>937.512</u>	<u>933.068</u>
<b>Skuldbindingar</b>					
Lífeyrisskuldbinding .....	12	89.115	82.978	89.115	82.978
Búseturéttur .....	14	0	0	69.051	66.717
		<u>89.115</u>	<u>82.978</u>	<u>158.166</u>	<u>149.696</u>
<b>Langtímaskuldir</b>					
Skuldir við lánastofnanir .....	13	1.147.475	997.792	1.147.475	997.792
Aðrar langtímaskuldir .....	13	0	0	258.876	259.305
Orkuveita Reykjavíkur .....	14	40.000	40.000	40.000	40.000
		<u>1.187.475</u>	<u>1.037.792</u>	<u>1.446.350</u>	<u>1.297.097</u>
<b>Skammtímaskuldir</b>					
Viðskiptaskuldir .....	15	51.637	62.709	51.637	62.709
Næsta árs afborganir langtímaskulda .....	15	147.501	130.664	156.981	139.711
Næsta árs afborgun lífeyrisskuldbindingar .....	12	2.520	2.214	2.520	2.214
Skuldir við eigin fyrirtæki B .....		14.361	112.490	0	(0)
Aðrar skammtímaskuldir .....	15	65.362	51.975	67.722	54.073
		<u>281.381</u>	<u>360.052</u>	<u>278.860</u>	<u>258.707</u>
<b>Skuldir</b>					
<b>Eigið fé og skuldir</b>		<b><u>1.557.971</u></b>	<b><u>1.480.822</u></b>	<b><u>1.883.376</u></b>	<b><u>1.705.499</u></b>
		<b><u>2.342.283</u></b>	<b><u>2.271.398</u></b>	<b><u>2.820.888</u></b>	<b><u>2.638.567</u></b>

## Yfirlit um sjóðstreymi ársins 2020

Skýr.	A hluti			A og B hluti		
	2020	Áætlun 2020	2019	2020	Áætlun 2020	2019
<b>Rekstrarhreyfingar</b>						
Rekstrarafkoma ársins .....	(6.264)	(22.072)	39.307	6.778	7.167	83.296
Afskriftir ..... 6	49.196	43.923	43.548	67.024	62.095	59.178
(Söluhagnaður), sölutap fastafjármuna .	(902)	0	(3.299)	(902)	0	(3.299)
Breyting á lífeyrisskuldbindingu .....	8.592	6.440	3.276	8.592	5.853	3.276
Verðbætur af skuldum og eignum .....	43.847	29.677	25.682	53.028	39.638	33.030
Veltufé frá rekstri	94.470	57.968	108.514	134.519	114.753	175.480
Óinnheimtar tekjur, breyting .....	53.243	0	(28.414)	55.544	0	(32.047)
Rekstartengdar eignir, breyting .....	9.453	0	(71.051)	9.453	0	(71.051)
Rekstartengdar skuldir, breyting .....	2.315	10.000	1.632	2.576	(3.603)	1.638
Greitt vegna lífeyrisskuldbindingar .....	2.543	0	2.518	2.543	0	2.518
<b>Handbært fé frá rekstri</b>	<b>162.023</b>	<b>67.968</b>	<b>13.199</b>	<b>204.635</b>	<b>111.150</b>	<b>76.537</b>
<b>Fjárfestingahreyfingar</b>						
Varanlegir rekstrarfjármunir ..... 7	(72.760)	(104.900)	(80.803)	(208.767)	(240.900)	(203.219)
Keypt/seld fjárfestingarbréf .....	6.500	(1.120)	(860)	6.500	(1.120)	(860)
Langtímakröfur á eigin fyrirtæki .....	(14.059)	9.937	11.540	0	9.937	0
	<b>(80.319)</b>	<b>(96.083)</b>	<b>(70.123)</b>	<b>(202.267)</b>	<b>(232.083)</b>	<b>(204.079)</b>
<b>Fjármögnumunarhreyfingar</b>						
Afborganir langtímaskulda .....	(266.327)	(289.894)	(123.687)	(275.504)	(299.439)	(132.757)
Breyting íbúðaréttar .....	0	0	0	0	0	6.173
Nýjar langtímaskuldir .....	389.000	389.000	166.000	389.000	389.000	166.000
Skammtímakrafa á B hluta .....	(98.129)	(102.288)	(70.710)	0	0	0
	<b>24.543</b>	<b>(3.182)</b>	<b>(28.397)</b>	<b>113.496</b>	<b>89.561</b>	<b>39.416</b>
Hækkun (lækkun) handbærs fjár .....	106.247	(31.297)	(85.322)	115.864	(31.372)	(88.126)
Handbært fé í upphafi árs .....	19.362	19.362	104.684	19.437	19.437	107.563
Handbært fé í lok árs .....	<b>125.609</b>	<b>(11.935)</b>	<b>19.362</b>	<b>135.301</b>	<b>(11.935)</b>	<b>19.437</b>

# Skýringar

## 1. Almennar upplýsingar

Starfsemi sveitarfélagsins er skipt í A og B-hluta. Til A-hluta telst sveitarsjóður, sem er aðalsjóður sveitarfélagsins auk annarra sjóða og stofnana er sinna starfsemi sem að hluta eða öllu leyti eru fjármögnum með skatttekjum, en auk aðalsjóðs er um að ræða eignasjóð og þjónustumiðstöð.

Til B-hluta teljast stofnanir sveitarfélagsins og fyrirtæki sem að hálfu eða meiri hluta eru í eigu sveitarfélagsins og eru reknar sem fjárhagslega sjálfstæðar einingar. Þau fyrirtæki og stofnanir sem falla undir B-hluta eru: Fráveita, Hafnarsjóður, Íbúðir aldraðra, Leiguðbúðir, Sorphirða og sorpeyðing og Sögumiðstöðin.

Ársreikningur Grundarfjarðarbæjar fyrir árið 2020 hefur að geyma ársreikning sveitarsjóðs og samantekinn ársreikning.

Fjárhagsáætlun Grundarfjarðarbæjar fyrir árið 2020 er hluti ársreikningsins og er birt í rekstrarreikningi.

## 2. Reikningsskilaaðferðir

### Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við sveitarstjórnarlög, lög um ársreikninga, reglugerð um bókhald, fjárhagsáætlunar og ársreikninga sveitarfélaga og auglýsingar stjórnvalda um reikningsskil sveitarfélaga. Við gerð hans er í öllum meginatriðum fylgt sömu reikningsskilaaðferðum og á fyrra ári. Ársreikningurinn er gerður eftir kostnaðarverðsaðferð.

### Ársreikningur sveitarsjóðs

Ársreikningur sveitarsjóðs tekur til Aðalsjóðs, Eignasjóðs og Þjónustustöðvar. Í ársreikningnum eru öll veruleg innbyrðis viðskipti og viðskiptastöður á milli sjóða sem mynda sveitarsjóð færð út.

Eftirfarandi er samantekt á helstu reikningsskilaaðferðum sveitarfélagsins.

### Mat og ákvarðanir

Við gerð ársreiknings þurfa stjórnendur, í samræmi við lög um ársreikninga, að taka ákvarðanir, meta og draga ályktanir sem hafa áhrif á eignir og skuldir á reikningsskiladegi, upplýsingar í skýringum og tekjur og gjöld. Við mat og ályktanir er byggt á reynslu og ýmsum öðrum þáttum sem taldir eru viðeigandi og mynda grundvöll þeirra ákvarðana sem teknar eru um bókfært verð eigna og skulda sem ekki liggr fyrir með öðrum hætti.

Breytingar á reikningshaldslegu mati eru færðar á því tímabili sem þær eiga sér stað.

### Innlausn tekna

Til skatttekna flokkast útsvar, fasteignaskattur og framlög úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga auk annarra tekna með skattígildi, svo sem lóðarleiga.

Útsvar er tekjfært samkvæmt staðgreiðsluskilagreinum og endanlegrí álagningu ársins á undan, en aðrar skatttekjur eru tekjfærðar við álagningu þeirra.

Til lækkunar skatttekna eru færðar reiknaðar niðurfærslur til að mæta vanhöldum vegna vafasamra óinnheimtra skatttekna.

Álögð gatnagerðargjöld, heimæðargjöld og framlög frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga til stofnframkvæmda eru færð til lækkunar stofnverði viðkomandi eigna.

Tekjur af sölu vöru og þjónustu eru tekjfærðar þegar afhending vöru hefur farið fram og þjónusta verið innt af hendi.

Áfallnar vaxtatekjur eru færðar til tekna í samræmi við vaxtakjör viðkomandi eigna, en arðstekjur eru tekjfærðar þegar réttur til þeirra hefur skapast.

Hagnaður (tap) af sölu varanlegra rekstrarfjármuna er færður á meðal rekstrartekna/-gjalda, en hagnaður (tap) af sölu eignarhluta í félögum meðal fjármunatekna/-gjalda eða annarra tekna/gjalda.

### Skráning gjalda

Gjöld sem stofnað er til við öflun tekna á tímabilinu eru færð sem rekstrarkostnaður. Gjöld sem stofnað er til á reikningsárinu en varða síðari reikningsár eru færð til eignar í efnahagsreikningi sem fyrirframgreiddur kostnaður. Gjöld sem varða reikningsárið en koma til greiðslu síðar, eru færð til skuldar sem áfallinn kostnaður í efnahagsreikningi.

# Skýringar

## 2. Reikningsskilaaðferðir (framhald)

### Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Vaxtatekjur eru færðar fyrir viðkomandi tímabil í samræmi við viðeigandi höfuðstól og vaxtaprósentu.

Fjármagnsgjöld eru færð í rekstrarreikning á því tímabili sem þau falla til. Lántökukostnaður er eignfærður og afskrifaður línulega yfir líftíma lánsins

Viðskipti í öðrum myntum en íslenskum krónum eru umreknuð yfir í krónur á gengi viðskiptadags. Gengismunur sem myndast við greiðslu skulda og innheimtu krafna er færður í rekstrarreikning. Peningalegar eignir og skuldir í erlendri mynt eru umreknaðar miðað við gengi myntar árslok og er áfallinn gengismunur færður í rekstrarreikning á meðal fjármagnsliða.

### Niðurfærsla eigna

Langtímakröfur, óinnheimtar skatttekjur og aðrar útistandandi skammtímakröfur hafa verið metnar með tilliti til tapsáhættu og niðurfærðar með óbeinni afskrift í ársreikningi. Ekki er hér um endanlega afskrift að ræða heldur er myndaður mótreikningur sem mæta á þeim kröfum sem kunna að tapast. Breyting á niðurfærslu sem þannig er ákveðin að teknu tilliti til endanlegra tapaðra krafna á árinu er færð í rekstrarreikning.

### Varanlegir rekstrarfjármunir

Eignir eru skráðar meðal varanlegra rekstrarfjármuna þegar líklegt er að hagrænn ávinnungur tengdur eigninni muni nýtast félagini og hægt er að meta kostnað vegna eignarinnar með áreiðanlegum hætti. Varanlegir rekstrarfjármunir eru upphaflega skráðir á kostnaðarverði. Kostnaðarverð varanlegra rekstrarfjármuna samanstendur af kaupverði og öllum beinum kostnaði við að koma eigninni í tekjuhæft ástand.

Lóðir og lendur sem sveitarfélagið hefur leigutekjur af eru færðar á gangverði eða núvirði framtíðarleigutekna samkvæmt fyrirriggjandi leigusamningum sé það lægra. Lóðir og lendur eru endurmetnar með reglubundnum hætti, og bókfært virði þeirra uppfært ef endurmetið verð þeirra er 5% umfram bókfært verð, sbr. álit reikningsskila og upplýsinganefnar 2/2010. Endurmat lóða og lendna er fært á eiginfjárréikning.

Afskriftir eru reiknaðar af stofnverði varanlegra rekstrarfjármuna að frádregnum framlögum til þeirra og gjaldfærðar línulegri afskrift á áætluðum nýtingartíma eignanna. Afskriftatími eigna hefst þegar þær eru teknar í notkun. Ef rekstrarfjármunur er enn í notkun eftir að afskriftartíminn er á enda, er skilið eftir niðurlagsverð sem samsvarar eins árs afskrift, en þó ekki meira en sem svarar til 10% af stofnverði. Áætlaður nýtingartími eignanna greinist þannig:

Fasteignir	25 til 50 ár
Lóðir og lönd vegna skipulags	50 ár
Gatnakerfi	25 ár
Veitukerfi	25 til 50 ár
Aðrar eignir	3 til 10 ár

### Eignarhlutar í félögum

Eignarhlutar sveitarsjóðs í öðrum félögum eru færðir á kostnaðarverði í ársreikningi sveitarsjóðs og ekki er færð hlutdeild í afkomu þeirra í reikningsskilum hans þar sem fyrst og fremst er verið að draga fram ráðstöfun skatttekna í ársreikningi sveitarsjóðs.

Eignarhlutar B hluta fyrirtækja í öðrum félögum eru færðir á kostnaðarverði.

### Langtímakröfur

Langtímakröfur eru færðar til eignar eins og lánakjör segja til um. Næsta árs og gjaldfallnar afborganir langtímakrafna eru færðar á meðal veltufjármuna. Kröfurnar eru niðurfærðar til þess að mæta vanefndum við innheimtu þeirra, sbr. kafla hér framar um niðurfærslu eigna.

### Óinnheimtar skatttekjur og viðskiptakröfur

Óinnheimtar skatttekjur og viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til niðurfærslu. Niðurfærslan er ekki endanleg afskrift heldur er myndaður mótreikningur til að mæta hugsanlegu tapi sem kann að myndast í framtíðinni.

### Handbært fé

Handbært fé félagsins samanstendur af sjóði og óbundnum bankainnstæðum.

### Langtímaskuldur

Langtímaskuldur eru færðar á nafnverði að frádregnum afborganum af höfuðstól og eru eftirstöðvar nafnverðs reiknaðar upp miðað við gildandi gengi eða visitölu í lok tímabilsins eftir því sem við á.

### Skuldbindingar

Skuldbindingar eru færðar upp í efnahagsreikningi ef líklegt þykir að félagið verði fyrir fjárhagslegum útgjöldum í framtíðinni vegna tiltekins atburðar eða viðskipta og hægt er að meta fjárhæð hennar með áreiðanlegum hætti.

Skuldbindingar vegna vöruábyrgða eru færðar á söludegi viðkomandi vara og metnar af stjórnendum m.t.t. áætlaðs fjárústreymis sem ábyrgðirnar kunna að valda í framtíðinni.

# Skýringar

## 2. Reikningsskilaaðferðir (framhald)

### Viðskiptaskuldur

Viðskiptaskuldur eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til áfallins kostnaðar.

### Fjárhagsáætlun

Fjárhagsáætlun bæjarfélagsins fyrir árið 2020 er birt sem samanburðarfjárhæðir í rekstrarreikningi, yfirliti um sjóðstreymi og skýringum. Um er að ræða fjárhagsáætlun með viðaukum sem bæjarstjórn hefur samþykkt.

## 3. Rekstrartekjur

Rekstrartekjur greinast þannig:

	A hluti			A og B hluti		
	2020	Áætlun 2020	2019	2020	Áætlun 2020	2019
<b>Útsvar og fasteignaskattur</b>						
Útsvor .....	508.282	540.578	506.367	508.282	540.578	506.367
Fasteignaskattur .....	144.641	144.920	136.696	144.641	144.920	136.696
	<b>652.923</b>	<b>685.498</b>	<b>643.063</b>	<b>652.923</b>	<b>685.498</b>	<b>643.063</b>
<b>Framlög Jöfnunarsjóðs</b>						
Tekjujöfnunarframlag .....	2.176	2.211	6.051	2.176	2.211	6.051
Útgjaldajöfnunarframlög .....	120.217	82.295	111.139	120.217	82.295	111.139
Framlag vegna nýbúafræðslu .....	2.700	2.700	1.723	2.700	2.700	1.723
Til reksturs grunnskóla .....	68.644	67.975	62.705	68.644	67.975	62.705
Lækkunar tekna af fasteignask..	37.517	34.584	37.126	37.517	34.584	37.126
Vegna sérþarfa fatlaðra .....	4.700	1.900	1.900	4.700	1.900	1.900
	<b>235.955</b>	<b>191.664</b>	<b>220.644</b>	<b>235.955</b>	<b>191.664</b>	<b>220.644</b>
<b>Aðrar tekjur</b>						
Þjónustutekjur.....	123.940	118.892	111.906	283.372	275.666	284.794
Endurgreiðslur .....	2.323	12.453	3.478	2.643	12.853	4.299
Aðrar tekjur .....	43.813	17.261	17.086	44.714	17.261	17.086
	<b>170.076</b>	<b>148.606</b>	<b>132.470</b>	<b>330.730</b>	<b>305.780</b>	<b>306.178</b>
Rekstrartekjur samtals .....	<b>1.058.954</b>	<b>1.025.768</b>	<b>996.176</b>	<b>1.219.608</b>	<b>1.182.942</b>	<b>1.169.885</b>

### Álagningarhlutföll

2020

2019

Útsvar .....	14,52%	14,52%
Fasteignaskattar - íbúðarhúsnæði .....	0,50%	0,50% A - flokkur
Fasteignaskattar - opinberar byggingar .....	1,32%	1,32% B - flokkur
Fasteignaskattar - atvinnuhúsnæði og óbyggt land .....	1,65%	1,65% C - flokkur

## 4. Laun og annar starfsmannakostnaður

Laun og launatengd gjöld greinast þannig:

	A hluti			A og B hluti		
	2020	Áætlun 2020	2019	2020	Áætlun 2020	2019
<b>Laun</b>						
Laun .....	587.166	573.784	517.993	618.136	602.764	548.013
Breyting á lífeyrisskuldbindingu ..	8.592	6.000	3.276	8.592	6.000	3.276
	<b>595.758</b>	<b>579.784</b>	<b>521.269</b>	<b>626.728</b>	<b>608.764</b>	<b>551.289</b>
	<b>2020</b>	<b>2019</b>	<b>2018</b>	<b>2017</b>	<b>2016</b>	<b>2015</b>
Stöðugildi í árslok .....	66	61	62	61	62	60
					<b>2020</b>	<b>2019</b>
Laun og launatengd gjöld bæjarstjórnar og bæjarstjóra .....					34.818	33.646
Laun bæjarstjórnar og bæjarstjóra námu um 34,8 milljónum króna 2020 en 33,6 milljónum króna 2019.						

# Skýringar

## 5. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Fjármunatekjur greinast þannig:

	A hluti			A og B hluti		
	2020	Áætlun 2020	2019	2020	Áætlun 2020	2019
Vaxtatekjur af bankareikningum ...	94	2.000	2.901	94	2.000	2.901
Tekjur af eignarhlutum .....	587	3.000	2.820	587	3.000	2.820
Aðrar vaxtatekjur .....	416	(3.175)	818	416	(4.463)	580
	1.096	1.825	6.538	1.096	537	6.300

Fjármagnsgjöld greinast þannig:

Vaxtagjöld og verðbætur .....	(78.207)	5.175	(68.529)	(94.260)	(8.690)	(82.590)
Sölutap hlutabréfa .....	0	0	(260)	0	0	(260)
Önnur vaxtagjöld .....	(94)	(78.907)	(827)	(94)	(78.907)	(832)
	(78.302)	(73.732)	(69.616)	(94.354)	(87.597)	(83.682)
	(77.205)	(71.907)	(63.078)	(93.258)	(87.060)	(77.382)

## 6. Rekstur málaflokka og fyrirtækja í samanburði við fjárhagsáætlun

Rekstur málaflokka greinist þannig:

	2020	Áætlun 2020	2019
Skatttekjur .....	888.879	877.162	863.707
Félagsþjónusta .....	(81.211)	(91.065)	(79.090)
Fræðslu- og uppedalsmál .....	(452.846)	(446.495)	(398.749)
Menningarmál .....	(20.685)	(21.143)	(20.383)
Æskulýðs- og íþróttamál .....	(62.936)	(62.943)	(53.358)
Brunamál og almannavarnir .....	(23.240)	(29.577)	(27.762)
Hreinlætismál .....	(636)	(750)	(1.058)
Skipulags- og byggingarmál .....	(32.726)	(40.778)	(42.527)
Umferðar- og samgöngumál .....	(55.670)	(47.735)	(51.045)
Umhverfismál .....	(15.935)	(13.414)	(17.500)
Atvinnumál .....	(17.963)	(15.364)	(10.035)
Sameiginlegur kostnaður .....	(106.587)	(114.410)	(110.388)
Breyting lífeyrisskuldbindinga .....	(13.346)	(10.841)	(8.028)
Fjármunatekjur og fjármagnsgj.	(20.087)	(12.353)	(9.866)
Aðalsjóður samtals .....	(14.987)	(29.705)	33.918
<b>A-hluta stofnanir:</b>			
Eignasjóður .....	8.723	7.633	5.389
Þjónustumiðstöð .....	0	0	0
A hluti samtals .....	(6.264)	(22.072)	39.307

## B-hluta stofnanir:

Hafnarsjóður .....	25.357	30.237	47.593
Fráveita .....	10.880	11.751	13.415
Leiguíbúðir .....	(2.441)	(648)	(1.323)
Íbúðir aldraðra .....	(13.059)	(6.294)	(5.732)
Sorphirða og eyðing .....	(4.273)	(2.030)	(3.523)
Sögumiðstöðin .....	(3.423)	(3.777)	(6.440)
	13.041	29.239	43.989
A og B hluti samtals .....	6.778	7.167	83.296

# Skýringar

## 7. Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

Sveitarsjóður	Fasteignir, lóðir og lendur	Veitur- og gatnakerfi	Áhöld og tæki	Samtals	
<b>Kostnaðarverð</b>					
Staða í ársbyrjun .....	1.859.846	370.455	145.323	2.375.625	
Eignfært á árinu .....	58.597	23.699	17.573	99.869	
Selt og aflagt á árinu .....	(40.519)			(40.519)	
Staða í árslok .....	<u>1.877.923</u>	<u>394.154</u>	<u>162.897</u>	<u>2.434.974</u>	
<b>Afskriftir</b>					
Staða í ársbyrjun .....	546.176	94.124	100.019	740.318	
Afskrift ársins .....	30.563	9.997	8.636	49.196	
Selt og aflagt á árinu .....	(14.312)			(14.312)	
Staða í árslok .....	<u>562.427</u>	<u>104.121</u>	<u>108.654</u>	<u>775.203</u>	
<b>Bókfært verð</b>					
Bókfært verð í ársbyrjun .....	<u>1.313.670</u>	<u>276.332</u>	<u>45.305</u>	<u>1.635.306</u>	
Bókfært verð í árslok .....	<u>1.315.496</u>	<u>290.033</u>	<u>54.242</u>	<u>1.659.772</u>	
Afskriftarhlutföll .....	0-5%	4%	20-35%		
A og B hluti	Fasteignir, lóðir og lendur	Veitu og gatnakerfi	Hafnar- mannvirkni	Áhöld og tæki	Samtals
<b>Kostnaðarverð</b>					
Staða í ársbyrjun .....	2.123.314	458.300	363.795	168.600	3.114.009
Sérstakt endurmat .....	0				0
Eignfært á árinu .....	60.153	24.699	133.451	17.573	235.877
Selt og aflagt á árinu .....	(40.519)				(40.519)
Staða í árslok .....	<u>2.142.948</u>	<u>482.999</u>	<u>497.246</u>	<u>186.173</u>	<u>3.309.366</u>
<b>Afskriftir</b>					
Staða í ársbyrjun .....	626.835	123.488	87.332	113.882	951.537
Afskrift ársins .....	36.046	12.613	8.152	10.213	67.024
Selt og aflagt á árinu .....	(14.312)				(14.312)
Staða í árslok .....	<u>648.570</u>	<u>136.101</u>	<u>95.484</u>	<u>124.095</u>	<u>1.004.249</u>
<b>Bókfært verð</b>					
Bókfært verð í ársbyrjun .....	<u>1.496.478</u>	<u>334.813</u>	<u>276.463</u>	<u>54.718</u>	<u>2.162.472</u>
Bókfært verð í árslok .....	<u>1.494.378</u>	<u>346.898</u>	<u>401.762</u>	<u>62.079</u>	<u>2.305.117</u>
Afskriftarhlutföll .....	0-5%	3-4%	10-30%	20-35%	

# Skýringar

## 7. Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir (framhald)

Fasteignamat og vátryggingamat eigna félagsins í árslok:

	Fasteignamat	Vátryggingamat	Bókfært verð
<b>Sveitarsjóður</b>			
Skólahúsnæði, Borgarbraut 17 .....	225.840	721.600	171.546
Leikskóli .....	55.270	174.550	115.055
Tónlistarskóli .....	18.950	60.350	10.674
Íþróttamannvirki .....	106.600	327.050	80.155
Ráðhús .....	25.526	106.289	43.230
Samkomuhús .....	55.100	171.250	12.129
Annað húsnæði .....	52.740	149.450	68.901
Jarðir og ræktað land .....	208.741	0	813.806
Veitu og gatnakerfi .....	0	605.148	290.033
